

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1211
komudagur 29.2.2012

Reykjavík, 29. febrúar 2012
Mál nr. 1202008

Efni: Umsögn um 202. mál, uppboð aflaheimilda

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fiskvinnslustöðva, um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, uppboð aflaheimilda, 202. mál. Þetta frumvarp var áður lagt fram á 139. löggjafarþingi (þskj. 1510-839. mál) og lagt fram að nýju.

Frumvarpið felur í sér að heimildir til veiða úr nytjastofnum við Ísland verði á forræði íslenskra sveitarfélaga, aflaheimildir verði seldar á uppboði eða seldar á sérstöku sveitarfélagaverði, til strandveiða verði lögð 40.000 tonn af óslægðum botnfiski og að stofnaður verði svokallaður kvótaskuldaskjöldur.


Þetta frumvarp felur í sér að rekstri starfandi sjávarútvegsfyrirtækja verður kollvarpað, vald ráðherra og sveitarstjórnarmanna verður stóraukið sem og pólitísk afskipti af rekstri sjávarútvegsins, skammtímasjónarmið innleidd sem grafa undan ábyrgri nýtingu nytjastofna og aukið verulega á óvissu í atvinnugreininni. Jafnframt felur frumvarpið í sér að tekið verði fram fyrir hendur samtaka sjómanna og útvegsmanna sem hafa það verkefni að semja um kaup og kjör.

Við leggjumst alfarið gegn því að þetta frumvarp nái fram að ganga.




f.h. Samtaka atvinnulífsins

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva



f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna